

Stefna Verzlunarskóla Íslands í alþjóðasamskiptum

Stefna Verzlunarskóla Íslands í alþjóðasamskiptum er að undirbúa nemendur fyrir fjölmeningarsamfélag nútímans og gefa kennurum og öðru starfsfólki möguleika á að auka vísýni og faglega þekkingu.

Markmið skólans er að:

- auka gæði skólastarfsins og hvetja til fjölbreyttari náms- og kennsluhátta
- nemendum á öllum brautum standi til boða að taka þátt í fjölbreyttu alþjóðlegu samstarfi
- nemendum sé gert kleift að vinna með jafnöldrum sínum að fjölbreyttum verkefnum þvert á landamæri
- opna augu nemenda fyrir möguleikum á framtíðarmenntun og störfum í alþjóðlegu umhverfi
- bjóða kennurum og öðru starfsfólki upp á erlend námskeið, ráðstefnur, skólaheimsóknir og starfsmannaskipti við erlenda samstarfsskóla.

Uppfært í október 2023